

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 21/2012.

Reykjavík, 26.10.2012

2012100331

Efni: Innköllun af markaði vegna ómerkts ofnæmis- og óþolsvalds (mjólkurafurð).

Hollt og Gott ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla Hrásalat í 350 g pakkningum þar sem það inniheldur ómerktan ofnæmis- og óþolsvald (mjólkurafurð).

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: Hollt og Gott ehf

Vöruheiti: Hrásalat

Framleiðandi: Hollt og Gott ehf., Fosshálsi 1, 110 Reykjavík.

Nettóþyngd: 350 g.

Umbúðir: Plastöskjur.

Strikanúmer: 5690350033206

Dreifing: N1, Olís, 10-11, Hagkaup, Vöruval, Kassinn, Verslun Einars Ólafs Kassinn Ólafsvík, Brekkan, Stöðvarfirði, Rangá, Miðbúðin, Melabúðin, Nesval.

Mjólk og afurðir úr henni eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir mjólk og afurðum úr henni. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir mjólk og afurðum úr henni eru beðnir um að farga henni eða skila í þá verslun sem hún var keypt í.

